

**Ed.**

### **783. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er gert tvennt í senn: lækkaðar kröfur, sem gerðar eru til skipstjórnar á væntanlegum ferjum á Hvalfirði, svo að ekki yrði krafizt meiri þekkingar við þetta starf en nú er krafizt til formennsku á 6—30 smálesta fiskibát, og vikið frá lagaákvæðum um tölu yfirmanna eftir því, sem ráðherra þætti rétt á hverjum tíma. Í greinargerð eru ekki færð nein rök fyrir því, að hér sé um knýjandi þörf að ræða, t. d. vöntun á fullgildum mönnum, enda er það fullvist, að mikill fjöldi eldri skipstjóra mundi þykja vel að geta á seinni árum haft svo rólegt starf sem hér um ræðir. Sýnist því engin ástæða að breyta lögnum af þeim ástæðum, enda sjálfsagt óverulegur sparnaður í launagreiðslum til skipstjóra, þótt fallizt yrði á að gera til hans hinar lægstu kröfur, sem gerðar eru til skipstjórnarmanna. Jafnframt og rétt þykir að benda á, að þótt leið sú, sem hér um ræðir, sé stutt, þá kann hún að verða mjög fjölfarin skipaleið í framtíðinni, þar sem verið er að koma upp í Hvalfirði bæði olíustöð og hvalveiðistöð. Umferð sú, sem við það væntanlega skapast, gæfi fullkomlega tilefni til þess, að ferja sú, sem flytji á milli 10—20 þús. manns á ári, væri jafnan undir stjórn manns með fullkominni skipstjórnarþekkingu, eins og krafizt er á þessari stærð. skipa samkvæmt lögum, hvað sem fyrir kynni að koma. Þess má og geta, að meðal annarra þjóða munu sömu kröfur vera gerðar til skipstjórnar á slíkum ferjum og almennt eru gerðar til hafnsögumanna, og það alveg eins þótt ferjurnar fari yfir enn miklu skemmri leið en yfir Hvalfjörð. Hitt, að láta ráðherra ákveða tölu yfirmanna á þessum ferjum frekar en á öðrum skipum, sýnist einnig algerlega ástæðulaust. Fyrirmæli gildandi laga um fjölda yfirmanna eru sett að fenginni reynslu manna, sem á þessum málum hafa meiri þekkingu en ráðherrar hafa almennt.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði fellt.

Einn nefndarmanna (PM) var ekki á fundi, er gengið var frá málinu, og tók því ekki þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. maí 1947.

Gísli Jónsson,  
form., frsm.

B. Kristjánsson,      Sigurjón Á. Ólafsson.  
fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson.